






Leiðbeiningar um notkun Plöntuvefsjár


Aðgerðatól til vinstri við kortaglugga

Þegar aðgerðatól er virkt birtist rammi utan um táknið

 **Upplýsingar.** Dregið er utan um það svæði sem leita á upplýsinga í. Valið svæði er aðgreint með punktum í mælikvarða ofan við 1:800.000 en með skyggingu í 10x10 km reit þar fyrir neðan. Við val birtist tegundalisti í upplýsingareit undir kortaglugga.


 **Þysja inn.** Dregið utan um það svæði sem á að stækka


 **Þysja út.** Dregið utan um það svæði sem á að minnka

 **Þysja að vali.** Valið svæði stækkað í kortaglugga


 **Hliðra.** Smella á kortaglugga og draga til svæðið


 **Til baka** í síðasta viðmót kortaglugga

 **Hreinsa** allt val og allar fyrri aðgerðir

 **Allt landið** er sýnilegt í kortaglugga

km **Vegalengd í kílómetrum** mæld í kortaglugga með því að smella bendli á milli staða. Aðgerð lokið með því að smella tvisvar.

 **Prenta kortaglugga.** Prenthamur birtist þar sem gefst kostur á að setja inn fyrirsögn og stuttan texta

 **Plöntulisti.** Við hliðina á upplýsingareit birtist excel hnappur eftir að svæði hefur verið valið með upplýsingatólinu. Þetta er plöntulisti fyrir valið svæði sem notendi getur opnað, vistað og prentað út. Plöntulisti inniheldur íslenskt og latneskt plöntuheiti.

Aðgerðir til hægri við kortaglugga

Plöntuhópar

- Allar plöntur
- Háplöntur
- Mosar
- Fléttur
- Sveppir
- Þörungar

Leit eftir ákveðnum plöntuhóp. Hægt er að leita í plöntugagnagrunni eftir öllum plöntum sem þar eru skráðar, en einnig eftir ákveðnum plöntuhópum. Valinn er sá hópur sem leita á eftir með því að smella í viðeigandi box og birtast plöntulistar einungis fyrir valinn hópur í upplýsingareit.

Landsvæði valið

Allt landið

Landsvæði valið. Val úr lista um að birta í kortaglugga ákveðið landssvæði.

ÞEKJUR

Þekjur. Þegar smellt er á hnappinn birtist gluggi með þekjuupplýsingum. Þar kemur fram hvaða þekjur eru tiltækar í vefsíðunni, lýsigögn og upplýsingar um í hvaða mælikvarða þekjurnar eru sýnilegar í kortaglugga. Notenda gefst kostur á að kveikja og slökkva á þeim þekjum sem hann vill birta í kortaglugga hverju sinni með því að smella í boxið fyrir framan þekjunafnið. Lýsigögn innihalda upplýsingar um þekjur NÍ, hvaða upplýsingar þær innihalda, vörpun og eigendur gagna.

YFIRLITSKORT

Yfirlitskort sýnir staðsetningu svæðis í kortaglugga

SKÝRINGAR

Skýringar fyrir þær þekjur sem eru valdar í kortaglugga

STAÐSETNING

Staðsetning. Gefur kost á að setja inn sinn eigin punkt með því að smella inn í kortaglugga. Einnig er hægt að slá inn hnit punktsins og fá staðsetningu hans á korti.

HJÁLP

Hjálp. Þetta skjal sem inniheldur skýringar á virkni og uppsetningu vefsíðarinnar

Leita eftir

Íslensku plöntuheiti

Nafn

Hefja leit

Leita eftir. Hægt er að leita í gagnagrunnum eftir íslensku plöntuheiti, latnesku plöntuheiti, reitanúmeri og örnefnum. Fyrst þarf að velja leitarflokk og síðan slá inn heiti. Hægt er að slá inn upphaf nafns og birtast þá nokkrir valmöguleikar í sér glugga. Örnefnaleiti tengist örnefnagrunni Landmælinga Íslands.